

Ed.

644. Frumvarp til laga

[359. mál]

um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands og skal hlutverk hlutafélagsbankans vera að hafa á hendi hvers konar viðskiptabankastarfsemi og starfsemi í tengslum við hana. Stefnt skal að því að hlutafé hlutafélagsbankans verði allt að 1000 milljónir króna. Í þessu skyni er ríkisstjórninni heimilt:

- a. Að leggja Útvegsbanka Íslands, þ.e. eignir, skuldir og skuldbindingar bankans, til hins nýja hlutafélagsbanka, sbr. þó 2. mgr. 6. gr.
- b. Að leggja fram í reiðufé allt að 800 milljónum króna sem hlutafé í hinum nýja hlutafélagsbanka, sbr. þó c-lið hér á eftir. Ríkissjóði skal heimilt að taka lán í Seðlabanka Íslands til að fjármagna hlutafjárframlag sitt og er í því skyni heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, varðandi lánstíma.
- c. Að kveðja aðra aðila til samvinnu um stofnun hins nýja hlutafélagsbanka. Nú skrá slíkir aðilar sig fyrir meira en 200 milljónum króna í hlutafé áður en hlutafélagsbankinn er stofnaður og skal þá heimilt hlutafjárframlag ríkissjóðs skv. b-lið hér að framan lækka jafnmikið og hlutafjárskrift annarra aðila er umfram 200 milljónir króna.
- d. Að ákveða fjárhæð hluta með það í huga að einstaklingar og lögaðilar geti keypt hlut í hinum nýja hlutafélagsbanka.

2. gr.

Fiskveiðasjóði Íslands skal, þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélagsbanka skv. 1. gr. með hlutafjárframlagi sem nema má allt að 200 milljónum króna og skal Fiskveiðasjóði heimilt að taka í þessu skyni lán allt að þeirri fjárhæð eða jafnvirði hennar í erlendri mynt.

9. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, falli niður.

3. gr.

Ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gilda ekki um tölu stofnenda og tölu hluthafa í hlutafélagsbanka skv. 1. gr.

Ákvæði 2. másl. 2. mgr. 6. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86/1985, um takmörkun atkvæðisréttar gilda ekki að því er varðar eignaraðild ríkisins að hlutafélagsbanka skv. 1. gr.

4. gr.

Viðskiptaráðherra skal skipa sérstaka matsnefnd til að meta eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands miðað við þann dag sem hlutafélagsbanki skv. 1. gr. yfirtekur hann, sbr. 1. mgr. 12. gr. Matsnefndin skal skipuð þremur mönnum og skal einn vera samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Fiskveiðasjóðs Íslands, en þann þriðja skipar viðskiptaráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður matsnefndarinnar. Við mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans á yfirtökudegi skal matsnefndin m.a. meta það hvort afskrifa beri einhver útlán Útvegsbanka Íslands umfram það sem þegar hefur verið gert í reikningum bankans. Einnig skal tekið tillit til áhrifa þess skattalega hagræðis sem Útvegsbanka Íslands fylgir við yfirtöku hlutafélagsbanka á honum skv. 1. gr., sbr. 17. gr. Viðskiptaráðherra setur matsnefndinni erindisbréf. Matsnefndin skal hafa aðgang að öllum gögnum úr Útvegsbanka Íslands. Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. skal veita matsnefnd-

inni aðstoð og upplýsingar eftir því sem þörf er á. Matsnefndin skal ljúka störfum fyrir árslok 1987. Kostnaður við störf matsnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Reynist eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands skv. framangreindu mati vera neikvæð ábyrgist ríkissjóður skv. 1. gr. hlutafélagsbanka mismuninn. Skal ríkissjóði þá heimilt að inna slíka greiðslu af hendi með útgáfu skuldabréfs til 10 ára er sé verðtryggt frá yfirtökudegi og beri frá sama tíma meðaltalsvexti samsvarandi útlána hjá bönkum og sparissjóðum á hverjum tíma. Reynist eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands skv. framangreindu mati vera jákvæðari greiðir hlutafélagsbanki skv. 1. gr. ríkissjóði mismuninn og skal honum þá heimilt að inna slíka greiðslu af hendi með útgáfu skuldabréfs til 10 ára er sé verðtryggt frá yfirtökudegi og beri frá sama tíma meðaltalsvexti samsvarandi útlána hjá bönkum og sparissjóðum á hverjum tíma.

5. gr.

Fastráðnir starfsmenn Útvegsbanka Íslands, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna og bankanna eða kjarasamningum annarra stéttarféлага, skulu eiga rétt á starfi hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. við stofnun hans. Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Útvegsbanka Íslands, við starfi hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og fellur þá niður réttur hans til launa það sem eftir er af uppsagnarfresti hjá Útvegsbanka Íslands ef hinu nýja starfi fylgja jafnhá eða hærri laun en hann áður hafði, en ella greiðist launamismunurinn til loka uppsagnarfrestsins.

Um ráðningu bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, útibússtjóra og forstöðumanns endurskoðunardeildar hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

6. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands sem stofnað er til áður en bankinn er lagður niður með yfirtöku hlutafélagsbanka á honum skv. 1. gr. samkvæmt lögum þessum, sbr. og 2. mgr. Ríkisábyrgð á innstæðum í Útvegsbanka Íslands fellur þó niður tveimur árum eftir yfirtöku hins nýja hlutafélagsbanka á Útvegsbanka Íslands, sbr. 1. mgr. 12. gr. Ríkissjóður ábyrgist jafnframt nýjar innstæður í hlutafélagsbanka skv. 1. gr. til sama tíma.

Ríkissjóður yfirtekur ábyrgð Útvegsbanka Íslands á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara eða stofnast munu fram að yfirtökudegi, sbr. 1. mgr. 12. gr. Eftirlaunasjóður Útvegsbanka Íslands flyst eigi til hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og tekur sjóðurinn eftir yfirtökudag eigi lengur við iðgjöldum en skal starfræktur áfram til lúknings þeim skuldbindingum sem á honum hvíla.

Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Útvegsbanka Íslands, við starfi hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og skal þá réttur hans til elli- og örorkulífeyris og réttur maka hans og barna til maka- eða barnalífeyris eða annar réttur skv. reglugerð um Eftirlaunasjóð starfsmanna Útvegsbanka Íslands sem í gildi er á yfirtökudegi, sbr. 1. mgr. 12. gr., eigi vera lakari en verið hefði ef hann hefði áfram greitt iðgjald til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands þann tíma sem hann starfar hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. Ríkissjóður og hlutafélagsbanki skv. 1. gr. skulu þá greiða það sem á vantar að greiðslur úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Útvegsbanka Íslands og greiðslur, sem réttur hefur stofnast til úr þeim lífeyrissjóði sem viðkomandi starfsmaður greiðir til meðan hann starfar hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr., séu samanlagt jafnháar og greiðslur hefðu numið úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Útvegsbanka Íslands skv. þeirri reglugerð fyrir sjóðinn sem í gildi er á yfirtökudegi, sbr. 1. mgr. 12. gr., ef viðkomandi starfsmaður hefði áfram greitt til hans. Skal greiðsluhlutfall ríkissjóðs annars vegar og hlutafélagsbanka skv. 1. gr. hins vegar

af þessum mismun vera hið sama og hlutfallslegur starfstími viðkomandi starfsmanns hjá hvorum aðila um sig. Ríkissjóður, hlutafélagsbanki skv. 1. gr. og Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands skulu semja sín á milli um nánari framkvæmd þessa ákvæðis og skal við það miðað að einn þessara aðila annist útborganir vegna viðkomandi starfsmanns en endurkrefji síðan hina og hlutaðeigandi lífeyrissjóð eftir því sem við á.

Eftir gildistöku laga þessara skal reglugerð um Eftirlaunasjóð starfsmanna Útvegsbanka Íslands endurskoðuð með tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af lögum þessum. Fjármálaráðherra skal tilnefna einn fulltrúa í stjórn sjóðsins í stað formanns bankaráðs og eins bankastjóra Útvegsbanka Íslands uns endurskoðun reglugerðar um sjóðinn er lokið, en við þá endurskoðun skal við það miðað að stjórn sjóðsins verði framvegis skipuð jafnmörgum mönnum frá fjármálaráðherra og þeim sem greitt hafa til sjóðsins. Heimilt skal að fela Tryggingastofnun ríkisins umsjón með rekstri sjóðsins, ávöxtun á fé hans og greiðslur úr honum.

7. gr.

Innlánsreikningar við Útvegsbanka Íslands skulu flytjast til hins nýja hlutafélagsbanka nema innstæðueigendur óski annars. Skal Útvegsbanki Íslands sjá um opinberar auglýsingar til sinna viðskiptavina vegna þessa.

8. gr.

Greiðslustaður skuldaskjala í eigu eða til innheimtu hjá Útvegsbanka Íslands skal vera í hinum nýja hlutafélagsbanka eftir yfirtöku hans á Útvegsbankanum. Almenn opinber auglýsing til viðskiptavina nægir til að gera þeim þetta kunnugt.

9. gr.

Hlutabréf í hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skulu undanþegin stimpilgjöldum. Hlutabréfin skulu hljóða á nafn.

10. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að selja hlutafé ríkissjóðs í hlutafélagsbanka skv. 1. gr. Söluverð hlutabréfa skal ákveðið með tilliti til eiginfjárstöðu, afkomu og afkomuhorfa hlutafélagsbankans á hverjum tíma. Heimilt skal að bjóða hlutabréf ríkissjóðs til sölu á Verðbréfaþingi Íslands.

11. gr.

Lög þessi koma í stað stofnsamnings skv. II. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Stofnfund hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skal halda innan mánaðar frá gildistöku laganna og skal leggja drög að samþykktum fyrir hlutafélagsbankann fram á stofnfundinum.

12. gr.

Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. yfirtekur Útvegsbanka Íslands hinn 1. maí 1987 og telst Útvegsbanki Íslands niður lagður frá og með þeim degi.

Innköllun til lánardrottna Útvegsbanka Íslands skal eigi gefin út.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 36. gr. laga nr. 86/1985 skal hlutafélagsbanka skv. 1. gr. veittur frestur til ársloka 1990 til að koma bókfærðu virði fasteigna og búnaðar, sem hann notar til starfsemi sinnar, í það horf sem þar er ákveðið.

14. gr.

Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. kemur í stað Útvegsbanka Íslands í lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44/1976.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, skal bönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, heimilt að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár hlutafélagsbanka skv. 1. gr.

16. gr.

Viðskiptaráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og fer með eignarhlut ríkisins í honum.

17. gr.

Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. tekur við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum Útvegsbanka Íslands.

18. gr.

Um hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skulu, að öðru leyti en leiðir af ákvæðum laga þessara, gilda ákvæði laga um viðskiptabanka og laga um hlutafélög eftir því sem við á.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Umboð núverandi bankaráðs Útvegsbanka Íslands skal haldast þar til hlutafélagsbanki skv. 1. gr. yfirtekur starfsemi bankans, sbr. 1. mgr. 12. gr., en fellur þá niður.

II

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum hlutafélagsbanka skv. 1. gr. sem stofnast gagnvart erlendum aðilum fyrir 1. maí 1989.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Frumvarp þetta til laga um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands er lagt fram af ríkisstjórninni í framhaldi af samkomulagi stjórnarflokkanna 3. febrúar 1987. Megintilgangur frumvarpsins er að stofnað verði hlutafélag um rekstur Útvegsbankans. Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélagsbankans, en henni er heimilt að kveðja aðra aðila til samvinnu um það. Hlutafjárframlag ríkisins má skv. frumvarpinu hæst verða 800 milljónir króna, en heimilt hámarkshlutafjárframlag ríkisins lækkar ef hlutafjárskrift annarra aðila er umfram 200 milljónir króna. Talið er að hlutafé að fjárhæð 1000 millj. króna, sem að er stefnt, tryggi að hinn nýi banki geti sinnt hlutverk sínu í bankakerfinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskveiðasjóði Íslands verði heimilt að taka þátt í stofnun hins nýja hlutafélagsbanka með allt að 200 millj. króna hlutafjárframlagi.

Gert er ráð fyrir að ríkisstjórninni sé heimilt að selja hlutafé ríkissjóðs skv. 1. gr. frumvarpsins og séu engar hömlur á sölu hlutanna, en verð þeirra taki mið af eiginfjárstöðu, afkomu og afkomuhorfum hins nýja banka á hverjum tíma. Hlutabréfin má bjóða til sölu á Verðbréfaþingi Íslands.

Frumvarpið byggir á því að um hinn nýja banka gildi ákvæði laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og laga nr. 32/1978, um hlutafélög, eftir því sem við getur átt. Helstu frávikin eru í 3. og 4. gr. frumvarpsins og fjalla um tölu stofnenda, tölu hluthafa og frávik frá takmörkun atkvæðisréttar að því er varðar eignaraðild ríkisins. Frávik þessi eru talin nauðsynleg eins og á stendur. Einnig felst í 15. gr. frumvarpsins undanþága frá gildandi lögum varðandi eignaraðild erlendra banka að viðskiptabönkum.

Nýmæli eru í frumvarpinu að því er varðar eignaraðild erlendra banka í hinum fyrirhugaða hlutafélagsbanka. Gert er ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði gildandi laga um viðskiptabanka skuli bönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, heimilt að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár hins nýja banka.

Frumvarpið fjallar ítarlega um hvernig fara skuli með mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans þegar hann er lagður niður með yfirtöku hins nýja hlutafélagsbanka. Lagt er til að viðskiptaráðherra skipi sérstaka matsnefnd í þessu skyni sem ljúki störfum fyrir n.k. áramót.

Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir að tekið verði á málum sem snúa að fastráðnu starfsfólki Útvegsbankans og skuli það við stofnun hans eiga rétt á starfi hjá hinum nýja hlutafélagsbanka. Frumvarpið gerir og ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki ábyrgð Útvegsbankans á lífeyrissjóði starfsmanna og sjóðurinn verði einungis starfræktur áfram til lúkningar þeim skuldbindingum sem á honum hvíla.

Í frumvarpinu er tekið fram að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbankans sem stofnað er til áður en bankinn er lagður niður með yfirtöku hins nýja banka. Þó er gert ráð fyrir að ríkisábyrgð á innstæðum falli niður tveimur árum eftir yfirtökuna og nái ábyrgðin einnig til nýrra innstæðna til sama tíma. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir heimild til að veita ríkisábyrgð á skuldbindingum hins fyrirhugaða banka sem stofnast gagnvart erlendum aðilum. Greind heimild, sem fellur úr gildi tveimur árum eftir fyrirhugaða yfirtöku, er talin mjög æskileg til að samningsstaða hins nýja hlutafélagsbanka verði ekki verri en efni standa til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 1. gr. er ríkisstjórninni falið að hafa forgöngu um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands og er henni heimilt að kveðja aðra aðila til samvinnu um stofnun hins nýja hlutafélagsbanka. Skal stefnt að því að hlutafé hins nýja banka verði allt að 1000 milljónum króna. Auk þess að leggja Útvegsbanka Íslands til hins nýja hlutafélagsbanka er ríkinu heimilt að leggja fram allt að 800 milljónum króna sem hlutafé í hinum nýja banka, en þó skal heimilt hlutafjárframlag ríkisins lækka jafnmikið og hlutafjárskrift annarra aðila er umfram 200 milljónir króna. Ef aðrir aðilar skrá sig til dæmis fyrir 350 milljónum króna í hlutafé má hlutafjárframlag ríkisins ekki fara fram úr 650 milljónum króna. Útvegsbanki Íslands verður ekki metinn til hlutafjár, sbr. nánar um 2. gr. hér á eftir.

Ríkissjóði skal heimilt að taka lán í Seðlabanka Íslands til að fjármagna hlutafjárframlag sitt og fer þá um lánstíma skv. nánari samkomulagi milli ríkissjóðs og Seðlabanka þar sem tekið er fram að víkja megi frá ákvæðum 2. mgr. 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, varðandi lánstíma. Í tilvitnaðri lagagrein segir að lán þau, er ríkissjóður tekur í Seðlabankanum, skuli greiddast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs með lántöku eða annarri fjáröflun utan Seðlabankans. Samkvæmt frumvarpinu má víkja frá þessu að því er varðar umrætt lán.

Með því að hvort tveggja er að ríkisstjórninni er með frumvarpinu veitt heimild til að kveðja aðra aðila til samvinnu um stofnun hins nýja hlutafélagsbanka og til að selja það hlutafé, sem ríkisstjórnin eignast í bankanum, sbr. 10. gr. frumvarpsins, er tekið fram í 1. gr. frumvarpsins að ríkisstjórninni sé heimilt að ákveða fjárhæð hluta með það í huga að einstaklingar og lögaðilar geti keypt hlut í hinum nýja banka.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að Fiskveiðasjóður hafi heimild til að taka þátt í stofnun hins nýja hlutafélagsbanka með hlutafjárframlagi sem nema megi allt að 200 milljónum króna og skal sjóðnum heimilt að taka lán í þessu skyni. Stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður hvort og þá að hvaða marki Fiskveiðasjóður nýtir þessa heimild.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 9. gr. laga um Fiskveiðasjóð falli niður. Samkvæmt 9. gr. fiskveiðasjóðslaganna er það meginregla að handbært fé Fiskveiðasjóðs skuli geymt í viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Ekki þykja rök til að takmarka með þessum hætti eðlilegt valfrelsi Fiskveiðasjóðs varðandi innlánsviðskipti við innlánsstofnanir, enda geyma hvorki lög um Iðnlánasjóð né lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins ákvæði af þessu tagi.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. er lagt til að ákvæði viðskiptabanka- og hlutafélagalaga um tölu stofnenda og tölu hluthafa gildi ekki um nýja hlutafélagsbankann. Í 2. mgr. er tekið fram að þau ákvæði viðskiptabankalaga, sem takmarka atkvæðisrétt einstakra hluthafa við $\frac{1}{5}$ samanlagðra atkvæða í hlutafélagsbanka, gildi ekki að því er varðar eignaraðild ríkisins að hinum nýja hlutafélagsbanka. Þótt ríkið kveðji aðra aðila til samvinnu um stofnun hins nýja hlutafélagsbanka og stefni að því að selja hlutafé sitt í bankanum er ekki ljóst hver tala stofnenda og fyrstu hluthafa í honum verður eða hver eignarhlutur ríkisins verður við stofnun bankans og síðar og þykir því óhjákvæmilegt að afla lagaheimildar fyrir undanþágum frá nefndum lagaákvæðum.

Um 4. gr.

Hinn nýi hlutafélagsbanki verður stofnaður um Útvegsbanka Íslands. Hann yfirtekur eignir, skuldir og skuldbindingar Útvegsbanka Íslands, sbr. þó undantekningar sem greinir í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Vegna þeirra vandkvæða, sem á því eru að leggja mat á bankann miðað við yfirtökudag, fyrr en þá síðar, er lagt til í frumvarpinu að við ákvörðun á heildarhlutafé hins nýja hlutafélagsbanka og hlutafjáreign ríkisins í honum verði eingöngu litið til þess nýja hlutafjár sem hlutafjárskrift fæst að við stofnun bankans, en Útvegsbanki Íslands sem slíkur verði ekki metinn til hlutafjár. Eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands miðað við yfirtökudag verði hins vegar metin af sérstakri þriggja manna matsnefnd sem viðskiptaráðherra skipi. Við mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans á yfirtökudegi á matsnefndin m.a. að leggja mat á raunvirði útlána Útvegsbanka Íslands, en í því felst að nefndinni er ætlað að afskrifa útlán í þeim mæli sem ástæða þykir til. Einnig á nefndin við mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans að meta til verðmæta það skattalega hagræði sem nýi hlutafélagsbankinn fær með yfirtöku á Útvegsbankanum. Ekki er að öðru leyti í frumvarpinu kveðið á um þær forsendur sem matsnefndin á að leggja til grundvallar mati sínu, en tekið fram að viðskiptaráðherra láti matsnefndinni í té erindisbréf þar sem verkefnið verður nánar afmarkað. Matsnefndin á að ljúka störfum fyrir árslok 1987.

Reynist eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands samkvæmt framangreindu mati neikvæð er gert ráð fyrir því að ríkissjóður bæti hinum nýja hlutafélagsbanka það sem upp á vantar. Ef eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands reynist á hinn bóginn hafa verið jákvæð á yfirtökudegi ber hinum nýja hlutafélagsbanka að greiða ríkissjóði mismuninn. Sams konar ákvæði um heimilt greiðsluform og greiðslutíma gilda í báðum tilvikum. Með mati því á eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands sem nú hefur verið lýst og eftirfarandi uppgjöri á milli ríkissjóðs og hins nýja hlutafélagsbanka á grundvelli þess er í senn leitast við að eyða allri óvissu um það við hvers konar búi nýi bankinn tekur og að tryggja fjárhagslega hagsmuni ríkissjóðs sem eiganda Útvegsbanka Íslands og fjárhagslega hagsmuni þeirra sem gerast hluthafar í hinum nýja banka vegna yfirtöku hlutafélagsbanka á Útvegsbanka Íslands.

Um 5. gr.

Þótt hlutafélagsbankinn, sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að stofnaður verði, taki við af Útvegsbanka Íslands verður Útvegsbanki Íslands lagður niður sem slíkur. Því verður að segja öllu starfsfólki Útvegsbanka upp störfum með samningsbundnum uppsagnarfresti.

Nýi bankinn þarf að ráða sér starfsfólk með formlegum hætti. Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að fastráðnir starfsmenn Útvegsbanka Íslands, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna og bankanna eða kjarasamningum annarra stéttarféлага, skuli við stofnun nýja hlutafélagsbankans eiga rétt á starfi hjá honum. Jafnframt er kveðið á um það í 5. gr. að niður falli réttur starfsmanna Útvegsbanka Íslands til launa á uppsagnarfresti hjá þeim banka ef þeir taka við starfi hjá hinum nýja banka, nema að því marki sem hinu nýja starfi kynnu að fylgja lægri laun en þeir áður höfðu. Samkvæmt kjarasamningum bankamanna flytja bankamenn áunnin starfsaldursréttindi með sér á milli banka. Er því ljóst að bankamenn, sem hefja störf í hinum nýja hlutafélagsbanka, munu halda þeim starfsaldursréttindum sem þeir hafa áunnið sér samkvæmt kjarasamningum. Ljóst er hins vegar að sérsamningar, sem Útvegsbanki Íslands kann að hafa gert við einstaka starfsmenn um launa- eða starfskjör umfram ákvæði kjarasamninga, flytjast ekki sjálfkrafa yfir á nýja bankann.

Samkvæmt viðskiptabankalögum ræður bankaráð bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, útibússtjóra og forstöðumann endurskoðunardeildar viðskiptabanka og ákveður laun þeirra og önnur ráðningarkjör. Lagt er til að þessari skipan verði haldið við ráðningu þessara starfsmanna til hins nýja banka.

Um 6. gr.

Í 2. mgr. 2. gr. viðskiptabankalaga segir að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Samkvæmt þessu ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands sem stofnað er til fram að því að bankinn er lagður niður. Vegna yfirtöku hlutafélagsbankans á Útvegsbanka Íslands þykir rétt að áréttta í frumvarpinu ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Útvegsbankans. Frá þeirri meginreglu, að ábyrgð ríkissjóðs standi þar til skuldbinding, sem Útvegsbanki Íslands hefur tekist á hendur, hefur verið efnd, er þó gerð sú undantekning að ríkisábyrgð á innstæðum, sem lagðar hafa verið inn í Útvegsbanka Íslands, falli niður tveimur árum eftir yfirtökudag nýja hlutafélagsbankans á Útvegsbankanum. Til þess að stuðla að snurðulausum umskiptum við yfirtöku nýja hlutafélagsbankans á Útvegsbanka Íslands og eðlilegu framhaldi innlánsviðskipta er og kveðið svo á í 6. gr. að ríkissjóður ábyrgist jafnframt nýjar innstæður í hlutafélagsbankanum í tvö ár frá yfirtökudegi.

Útvegsbanki Íslands ber ábyrgð á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands. Áætlað hefur verið að þessar skuldbindingar Útvegsbankans nemi nokkrum hundruðum milljóna króna þótt vandasant sé að reikna slíkt út nákvæmlega þar sem skuldbindingar Eftirlaunasjóðsins falla til á mörgum áratugum og útreikningar því háðir ýmsum forsendum. Vegna þess hverjum erfiðleikum slíkir útreikningar eru bundnir og vegna þeirra áhrifa, sem það hefði á mat á eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands og uppgjör skv. 2. mgr. 4. gr. ef á honum hvíldu umræddar lífeyrisskuldbindingar við yfirtöku hlutafélagsbankans á honum, er kveðið svo á í 2. mgr. 6. gr. að ríkissjóður yfirtaki ábyrgð Útvegsbanka Íslands á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs Útvegsbanka Íslands sem stofnast hafa eða stofnast munu fram að yfirtökudegi. Með þessu móti dreifast slíkar greiðslur ríkissjóðs á miklu lengri tíma, en ef fylgt yrði uppgjörsaðferð skv. 2. mgr. 4. gr. Þar sem það er Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbankans sem formlega hefur tekið á sig eftirlaunaskuldbindingar og Eftirlaunasjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn er gert ráð fyrir að Eftirlaunasjóðurinn verði starfræktur áfram til lúkningar þeim skuldbindingum sem á honum hvíla. Hins vegar er tekið fram að Eftirlaunasjóðurinn flytjist ekki til nýja bankans og taki eftir yfirtökudag ekki lengur við iðgjöldum. Er óhjákvæmilegt annað en að „loka“ sjóðnum á þennan hátt svo að skilin verði skýr að því er varðar ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Eftirlaunasjóðsins. Starfsmenn hins nýja hlutafélagsbanka verða því annað hvort að stofna nýjan lífeyrissjóð í samvinnu við yfirstjórn bankans eða hefja iðgjalda-

greiðslur til einhvers lífeyrissjóðs sem fyrir er. Það er stjórnar Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbankans að ákveða í samráði við eigendur sjóðsins hvar sjóðurinn skuli vistaður meðan hann lýkur hlutverki sínu, en skv. frumvarpinu skal heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins umsjón með rekstri Eftirlaunasjóðsins, ávöxtun á fé hans og greiðslur úr honum.

Samkvæmt reglum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands öðlast sjóðfélagar ekki rétt til eftirlauna úr sjóðnum nema þeir hafi greitt til hans í tiltekinn árafjölda. Réttur til að áunnin eftirlaun taki mið af þeim launum sem á hverjum tíma fylgja því starfi sem viðkomandi gegndi síðast stofnast heldur ekki fyrir en greitt hefur verið í sjóðinn í nokkurn tíma. Frumvarpið byggir á því að starfsmenn nýja bankans hefji lífeyrisgreiðslur í annan lífeyrissjóð. Starfstími hjá Útvegsbanka Íslands, sem ekki hefur enn skapað rétt til eftirlauna eða launatengingar, nýtist starfsmönnum ekki í nýjum lífeyrissjóði. Eftirlaunaréttindi starfsmanna Útvegsbanka Íslands, sem hefja störf í nýja bankanum, gætu því í ýmsum tilvikum orðið lakari en verið hefði að öllu óbreyttu, ef ekki kæmu til sérstakar ráðstafanir. Í frumvarpinu er kveðið á um að ríkissjóður og nýi hlutafélagsbankinn skuli bæta starfsmönnum og þeim sem leiða rétt sinn frá þeim, svo sem maki starfsmanns eða börn hans, þetta hlutfallslega, miðað við starfstíma viðkomandi annars vegar í Útvegsbanka Íslands og hins vegar í nýja bankanum. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður, nýi bankinn og Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands semji sín á milli um nánari framkvæmd þessa.

Tekið skal fram að um lífeyrisréttindi núverandi og fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands fer skv. sérstökum samningum þeirra við bankann. Nýi hlutafélagsbankinn yfirtekur þessar skuldbindingar og eru þær á meðal þess sem matsnefnd skv. 4. gr. á að leggja mat á.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að reglugerð Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands skuli endurskoðuð í kjölfar lagasetningarinnar.

Um 7.–9. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins ræðst það af hlutfjár-áskrift annarra aðila hvert hlutfjárframlag og þar með eignarhluti ríkisins verður við stofnun hlutafélagsbankans. Samkvæmt 10. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að selja það hlutafé sem ríkið eignast í bankanum. Þessi heimild er ekki bundin neinum skilyrðum eða takmörkunum öðrum en þeim sem varða ákvörðun söliverðs hlutabréfa ríkissjóðs. Ef virkur hlutabréfamarkaður hefði náð að myndast hér á landi hefði verið eðlilegast að láta markaðinn ákveða sölugengi þessara hlutabréfa. En þar sem svo er ekki er sett fram sú meginviðmiðun að söluverðið skuli ákveðið með tilliti til eiginfjárstöðu, afkomu og afkomuhorfa hlutafélagsbankans á hverjum tíma. Jafnframt er tekið fram að heimilt sé að bjóða hlutabréf ríkissjóðs til sölu á Verðbréfaþingi Íslands.

Um 11.–12. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í 2. mgr. 36. gr. viðskiptabankalaganna segir að bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar, megi ekki vera hærra en sem nemur 65% af eigin fé bankans. Rétt þykir að veita nýja hlutafélagsbankanum nokkurn frest til þess að koma þessum málum í rétt horf og er um að ræða sama aðlögunartíma og starfandi viðskiptabönkum og bönkum, sem stofnaðir verða með samruna þeirra, er skv. 54. gr. viðskiptabankalaganna veittur til að koma eigið fé í það horf sem lögin áskilja.

Um 14. gr.

Samkvæmt lögum nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal Útvegsbanki Íslands veita Fiskveiðasjóði nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu. Einnig segir að stjórn Útvegsbanka Íslands ráði aðra starfsmenn Fiskveiðasjóðs en forstjóra og aðstoðarforstjóra. Þá tilnefnir Útvegsbanki Íslands einn fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðs. Í 14. gr. frumvarpsins er lagt til að nýi hlutafélagsbankinn komi í stað Útvegsbanka Íslands í fiskveiðasjóðslögunum, en í því felst að hann yfirtekur framangreint hlutverk Útvegsbankans gagnvart Fiskveiðasjóði.

Tekið skal fram að þó að stjórn Útvegsbanka Íslands ráði flesta starfsmenn Fiskveiðasjóðs og tekið sé fram í fiskveiðasjóðslögunum að um laun og kjör þeirra gildi sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbanka Íslands eru þeir eftir sem áður starfsmenn Fiskveiðasjóðs. Því þarf ekki að segja þeim upp störfum þótt segja verði starfsfólki Útvegsbanka Íslands upp störfum vegna þess að bankinn verður lagður niður með yfirtöku hlutafélagsbankans á honum.

Um 15. gr.

Í 2. mgr. 5. gr. viðskiptabankalaganna segir að hlutafé í hlutafélagsbanka skuli allt vera í íslenski eigu. Með 15. gr. er lagt til að frá þessu skuli vikið að því er varðar hinn nýja hlutafélagsbanka sem stofnaður verður samkvæmt frumvarpinu þannig að erlendir bankar megi á hverjum tíma eiga samtals allt að 25% hlutfjár í bankanum. Þessi heimild tekur bæði til eignaraðildar að hlutafélagsbankanum við stofnun hans og síðar. Séu hinir erlendu bankar tveir eða fleiri má samanlögð hlutfjáreign þeirra ekki fara fram úr 25%.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að viðskiptaráðherra annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun hlutafélagsbankans. Í því felst m.a. að hann stendur að söfnun hlutfjár, undirbýr drög að samþykktum fyrir hinn nýja banka og boðar til stofnfundar hans. Einnig er lagt til að viðskiptaráðherra fari með eignarhlut ríkisins í hinum nýja banka, þ.e. mál er varða eignaraðild ríkisins að bankanum.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að hlutafélagsbankinn taki við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum Útvegsbanka Íslands. Uppsöfnuð, ónýtt rekstrartöp Útvegsbanka Íslands eru veruleg og mun nýi hlutafélagsbankinn geta dregið þau frá tekjum sínum ef og þegar rekstur hans skilar hagnaði í framtíðinni, sbr. 7. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Kveðið er á um það í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins að matsnefndin skuli m.a. taka tillit til þessa skattalega hagræðis er hún metur eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.